

# Hjallastefnuleikurinn

Nám og lestur, hlustun og áhorf fyrir herminám, æfing og iðkun gefur færni. Sama gildir um að spila á hljóðfæri, höndla bolta, móta jarðleir eða öðlast grunnfærni í beitingu Hjallastefnunnar. Vilji, áhugi og trúmennska er allt sem þarf. Viltu vera með í Hjallastefnuliðinu?

## Framkoma sem við kjósum

Faðmar og heilsar hverju barni með gleði og spjalli.

Notar hugtök Hjallastefnunnar í samtali við börn og foreldra: „Velkominn, kæri vinur“ eða „frábært hvað þér gekk vel í dag, æfingin skapar meistarannt.“

Augnsamband, snerting og viðmót sýnir að hjarta og hugur fylgir orðum.

Talar alltaf við barnið og foreldrana með orðum, tóni og framkomu sem bæði barn og foreldrar skilja.

Hefur alltaf beint samband um leið og eitthvað kemur upp á og er í persónulegu sambandi.

Talar aldrei um erfiðleika svo barnið heyri til.

Inni í stofunni er kennarinn með börnunum, situr með þeim við borð eða á gólfinu eða gengur á milli þeirra.

Beygir sig til barnsins eða barnahópsins til að sýna þeim algjöra athygli.

Er alltaf nálægt börnum á útisvæði og greinilega í samskiptum við þau í leik eða starfi. Veifar og heilsar þeim sem koma.

Brosir og heilsar öllum foreldrum mjög glaðlega hvort sem hann þekkir þá eða ekki.

Nálgast foreldra með lausnir í huga: „Hún getur komið í lítinn leshóp í skólanum“ ef heimalestur gleymist eða „Hann ruglaðist aðeins og vinur fékk kúlu á höfuðið og það gengur betur á morgun“.

Leysir málin á sjálfstæðan hátt eins og að skipta um ljósaperu eða tala við samstarfsfólk vegna mönnunar

Talar beint við þá sem eru mögulega að ruglast í starfinu og tekur ábendingum annarra um að bæta eitthvað hjá sér.

## Framkoma sem við forðumst

Er formlegri og heilsar með orðum fremur en með snertingu, gefur sig ekki að öllum.

Notar almenn orð eða reynir að nota Hjallastefnuhugtök sem virka stírd eða frasakennd.

Fylgir jákvæðum, munnlegum skilaboðum ekki eftir á ápreifanlegan hátt, óöryggi.

Talar við foreldrið eitt þó að barnið sé enn á staðnum og missir sambandið við það.

Sendir tölvupóst eða lætur ekki vita þannig að barnið segir heima frá óhappi eða erfiðleikum.

Nefnir erfiðleika í viðurvist barnsins.

Er við annað borð eða horfir yfir til að fylgjast með hópnum.

Stendur fyrir ofan þannig að barnið þarf að teygja sig og horfa upp á við.

Stendur á lengdar, horfir á börnin í leik og er jafnvel að spjalla við annan kennara.

Heldur sig aðeins til hlés, heilsar jafnvel ekki öllum og virkar ögn fjarlægur.

Kemur með neikvæða athugasemd: „Hún er alltof oft of sein,“, „Hann gleymdi sundfötunum líka síðast“ eða „Hann réðst á vin sinn...“

Lætur skólustjóra vita að það þurfi að laga þetta eða bjarga mönnun

Lætur skólustjóra vita af einhverjum sem þarf að laga sig eða ræðir það við aðra innan skólans og svarar ábendingum með „já, en ...“.